

1. Fundarsetning.

- a. Kosinn fundarstjóri
 - i. Guðmundur Jón Bjarnason kosinn fundarstjóri
- b. Kosinn fundarritari.
 - i. Falur Helgi Daðason kosinn fundarritari

1. Fundargerð síðasta aðalfundar skal leggja fram.

- a) Fundargerð lögð fram og liggur hún á heimasíðunni keflavik.is/sund

2. Formaður deildar leggur fram skýrslu deildarstjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.

- a) Hilmar Örn leggur fram skýrslu stjórnar og er hún aðgengileg á heimasíðunni okkar, keflavik.is/sund
 - i. Ingigerður formaður ÍRB kemur og fjallar um skýrslu stjórnar, ÍRB búin að standa sig mjög vel og óskar Sundráði ÍRB til hamingju og þakkar stjórn fyrir þeirra framlag. Sundlið ÍRB er flaggskip okkar og þakkar fyrir vinnu sjálfboðaliða.

3. Gjaldkeri deildar leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga deildarinnar fyrir liðið starfsár.

- a) Guðmunda Róbertsdóttir leggur fram reikninga fyrir árið 2017 og eru þeir samþykktir.

4. Ávörp gesta.

- a) Kári Gunnlaugsson ávarpar gesti. Kári fylgir eftir verðlaunaveitingu. Fali Daðasyni er veitt silfurmerki Keflavíkur fyrir að vera búinn að vera 10 ár í stjórn.

5. Kosningar:

- a) Kosinn formaður til eins árs.
 - i. Hilmar Örn Jónasson er endurkjörinn formaður
- b) Kosnir 2 meðstjórnendur til tveggja ára.
 - i. Gunnrún Theódórsdóttir
 - ii. Guðný S. Magnúsdóttir

Lilja dögð Karlsdóttir er kosinn til eins árs og kemur hún í stað Guðmundu Róbertsdóttur.

- c) Kosnir 3 menn í varastjórn.
 - i. Sigurþór Sævarsson
 - ii. Falur H. Daðason
 - iii. Guðmunda Róbertsdóttir
- d) Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
 - i. Daði Þröstur Þorgrímsson og Birgir Ingibergsson kosnir áfram eins og undanfarin ár.
- e) Kosið í nefndir og ráð sem aðalfundur ákveður.
 - i. Vísað til stjórnar.

6. Ákveðið æfingargjald fyrir næsta starfsár.

- a) Vísað til stjórnar

7. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

- a) Guðmunda leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs.
 - i. Munda gerir ráð fyrir tapi uppá 1.600.000.
 1. Hilmar Örn útskýrir það að 1.000.000 fer í tækjakaup í nýjan æfingarsal í sundmiðstöð. Svo er vatnaveröld að fara að setja upp

sjoppu sem mun taka af okkur miklar tekjur í fjáröflunum undanfarinna ára.

8. Önnur mál.

- a) Kári Gunnlaugsson varaformaður aðalstjórnar, minnir á Aðalfund Keflavíkur þann 26.2 2018 og hvetur hann alla til að mæta. Umhverfisdagurinn verður í apríl, verður auglýstur síðar. Landsmótið verður á Sauðarkróki í júlí. Unglingalandsmótið verður um verslunarmannahelgina í Þorlákshöfn. Minnir á heimasíðu félagsins, keflavik.is og facebook síðu félagsins. Óskar nýrri stjórn til hamingju með kosninguna og þakkar þeim sem stíga til hliðar og óskar okkur velfarnaðar og ánægjulegt að sjá hve vel deildin er rekin.
- b) Hilmar Örn kemur upp og óskar nýrri stjórn til hamingju. Stjórnin þakkar Guðný fyrir vel unnin stjórn og fær hún gjöf frá stjórn. Að því loknu slítur Hilmar Örn fundi.

9. Fundi slitið.